

Nátttröllið



Mynd eftir Önnu Sofiu Wahlström

Á einum bæ var það, að sá sem **gæta** átti bæjarins á jólanóttina, meðan hitt fólkið var við **aftansöng**, fannst annaðhvort dauður að morgni eða æðisgenginn. Þótti heimamönnum þetta illt og vildu fáir til verða að vera heima. Einu sinni **býðst** stúlka ein til að vera heima. Urðu hinir því **fegnir** og fóru burt. Stúlkan sat á palli í baðstofu og **kvað** við barn eitt, sem hún hélt á. *Um nóttina er komið á gluggann og sagt:*

„Fögur þykir mér hönd þín,
snör mín, en snarpa, og dillidó“.

Þá segir hún:

„Hún hefur aldrei **saur** sópað,
ári minn, Kári, og korríró“.

Þá segir hinn á glugganum:

„Fagurt þykir mér auga þitt,
snör mín, en snarpa, og dillidó“.

Þá segir stúlkan:

„Aldrei hefur það illt séð,
ári minn, Kári, og korríró“.

Þá er sagt á glugganum:

„Fagur þykir mér fótur þinn,
snör mín, en snarpa, og dillidó“.

Þá segir stúlkan:

„Aldrei hefur hann saur **troðið**,
ári minn, Kári, og korríró“.

Þá er sagt á glugganum:

„Dagur er í austri,
snör mín, en snarpa, og dillidó“.

Þá segir stúlkan:

„Stattu og vertu að steini,
en engum þó að **meini**,
ári minn, Kári, og korríró“.

Hvarf þá vætturinn af glugganum. *En um morguninn, þegar fólkið kom heim, var kominn steinn mikill í bæjarsundið og stóð hann þar æ síðan.* Sagði stúlkan frá því, sem fyrir hana hafði borið um nóttina, og hafði það verið nátttröll sem á gluggann kom.